

Reykjavík, 5. nóvember 2020

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki, nr. 160/2010 (flokkun og eftirlit með mannvirkjum).

Hinn 19. október síðastliðinn óskaði velferðarnefnd eftir umsögnum tiltekinnna aðila um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki, nr. 160/2010. Umsagnarfrestur var til og með 2. nóvember síðastliðinn. Beðist er velvirðingar á því að umsögn þessi berst að frestinum loknum.

Frumvarpið hefur verið tekið til umfjöllunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu. Ástæða þykir til að setja fram athugasemdir og ábendingar sem snúa að einni grein frumvarpsins.

19. gr. mannvirkjalaga

Í 5. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 19. gr. laganna. Samhengis vegna er rétt að taka gildandi lagagrein upp en hún er svohljóðandi ásamt fyrirsögn:

Faggilding Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og byggingarfulltrúa sveitarfélaganna.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúar skulu hafa faggildingu til að fara yfir hönnunargögn og annast öryggis- og lokaúttektir nema sá þáttur eftirlitsins hafi verið falinn skoðunarstofu, sbr. 20. gr. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.

Nánar tiltekið er í ákvæðum 19. gr. gildandi laga gerð sú krafa að HMS og byggingarfulltrúar skuli hafa hlotið faggildingu þegar að tilteknum verkefnum kemur, þ.e. 1) yfirferð hönnunargagna og 2) öryggis- og lokaúttektum. Ef framangreindir aðilar hafa ekki hlotið faggildingu ber þeim að fela faggiltri skoðunarstofu að annast þessi verkefni.

Forsagan

Faggildingarskylda 19. gr. laganna var lögfest samhliða samþykkt mannvirkjalaga árið 2010. Á þeim tíma gerði löggjafinn sér grein fyrir því að það gæti tekið nokkurn tíma fyrir HMS (þá Byggingastofnun) og byggingarfulltrúa sveitarfélaga að afla sér faggildingar. Af þeim sökum var samhliða lögfest eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða:

Byggingarstofnun og byggingarfulltrúar hafa frest til 1. janúar 2018 til að afla sér faggildingar í samræmi við ákvæði 19. gr., sbr. 21. gr.

HMS og byggingarfulltrúum var veittur sjö ára frestur til að afla sér faggildingar við lögfestingu mannvirkjalaga. Fresturinn hefur hins vegar verið framlengdur í tvígang, þ.e. til 1. janúar 2019 með lögum nr. 91/2017 og til 1. janúar 2021 með lögum nr. 64/2018, þ.e. með tveimur lagabreytingum á sama löggjafarþingi. Við seinna tilefnið var faggildingarkrafan jafnframt þrengd, þ.e. hún hafði náð til allra úttekta en eftir breytinguna náði hún aðeins til öryggis- og lokaúttekta eins og kveðið er á um í gildandi lögum.

Einhverskonar misskilningur virðist hins vegar hafa komið upp á þessu tímabili eins og sést af umfjöllun um gildistöku faggildingarkröfunnar í þingsskjölum. Rökin fyrir fyrri framlengingunni voru eftirfarandi (sjá þskj. nr. 4 í 4. máli á 148. löggjafarþingi):

Í ljósi þess að undirbúningur embætta byggingarfulltrúa til að afla sér faggildingar er skammt á veg kominn og gera má ráð fyrir að skortur verði á lögbærum aðilum samkvæmt lögum um mannvirki til að annast þau verkefni sem krefjast faggildingar frá og með 1. janúar 2018 er nauðsynlegt að leggja fram sérstakt frumvarp þar sem eingöngu er lögð til sú breyting á lögnum að umræddur frestur í bráðabirgðaákvæðinu verði framlengdur.

Með þessu er komið til móts við athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags byggingarfulltrúa sem hafa lagt áherslu á að embættum byggingarfulltrúa verði veittur rýmri frestur til þess að afla sér faggildingar en gefinn er í núgildandi lögum. Það er gert í liósi þess að undirbúningur embætta byggingarfulltrúa til að afla sér faggildingar er skammt á veg kominn brátt fyrir að ákvæði þar um hafi verið í lögum frá gildistöku laga nr. 160/2010 1. janúar 2011. Jafnframt er ráðuneytinu ekki kunnugt um fyrirtæki á markaði sem hafa fullnægt kröfum laganna til þess að annast verkefni sem krefjast faggildingar. Verði ekki brugðist við með framlengingu tímafrests má gera ráð fyrir að skortur verði á lögbærum aðilum til að annast verkefni sem krefjast faggildingar frá og með 1. janúar 2018.

(Undirstrikun SVP)

Við þetta tilefni kom eftirfarandi fram í nefndaráliti umhverfis- og samgöngunefndar (þskj. 52 í 4. máli á 148. löggjafarþingi):

Nefndin leqqur áherslu á að um bráðabirgðalausn er að ræða og qenqur út frá þeirri forsendu að ekki muni koma til frekari framlenginga en þeirra sem lagðar eru til í frumvarpinu. Þess í stað verði kappkostað að tryggja grundvöll þeirra breytinga sem felast í faggildingarkröfunum, sbr. 19.–20. gr. laganna, og að undirbúningi að breyttu fyrirkomulagi verði lokið áður en hinir framlengdu frestir renna út.

(Undirstrikun SVP)

Rökin fyrir seinni framlengingunni voru nokkuð takmörkuð (sjá þskj. nr. 259 í 185. máli á 148. löggjafarþingi). Í nefndaráliti umhverfis- og samgöngunefndar um frumvarpið var hins vegar sleginn nýr tónn í umfjöllun um faggildingarskylduna:

Allir umsagnaraðilar gerðu miklar athugasemdir við kröfu laganna um faggildingingu og áhrif gildistöku hennar um næstu áramót, m.a. að krafan mundi hafa veruleg áhrif á fjárhag og stjómssýslu embætta byggingarfulltrúa. Samband íslenskra sveitarfélaga bendir á að ef öll embætti byggingarfulltrúa á landinu, 54 talsins, öðlast faggildingingu muni upphafskostnaður þeirra mjög varlega áætlað nema 50 millj. kr. og árlegur kostnaður að minnsta kosti 25 millj. kr. Viðbúið sé að fá ef einhver embætti muni sækja um faggildingingu sem muni að líkindum leiða til fákeppnismarkaðar fyrir faggilt byggingareftirlit. Vandséð sé að krafan um faggildingingu muni ekki leiða til aukins kostnaðar fyrir húsbyggjendur hvort sem úttektir verði

á hendi faggiltra byggingarfulltrúa eða faggiltra skoðunarstofa. Bent var á að í nágrannalöndum okkar er ekki gerð krafa um að eftirlitsaðilar í byggingariðnaði hafi faggildingu. Þar sem gerð sé krafa um óháða úttekt snúist hún um að úttektin sé gerð af óháðum aðila en ekki að sá aðili hafi faggildingu. Nefndin leggur áherslu á að eftirlit með framkvæmdum sé með þeim hætti að það sé vandað, skilvirkt og tefji ekki framkvæmdir. Þá beri að gæta þess að kostnaður vegna eftirlits sé hóflegur í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar frá 28. maí 2015 um ráðstafanir til að greiða fyrir gerð kjarasamninga og aðgerðaáætlun stjórnvalda í húsnæðismálum, dags. 2. júní 2017, um lækkun byggingarkostnaðar og einföldun stjórnsýslu við mannvirkjagerð, en sú yfirlýsing var ástæða endurskoðunar laga um mannvirki líkt og fram kemur í greinargerð frumvarpsins. Fyrir nefndinni kom ítrekað fram að krafa laganna um faggingu muni óhjákvæmilega leiða til gríðarlegs kostnaðarauka sem muni að endingu lenda á húsbýqqjendum. hækka býqqingarkostnað og þar með húsnæðisverð. Býqqingarkostnaður er nú þegar hár hér á landi og verða allar reglur sem leitt geta til aukins kostnaðar að vera rökstuddar með fullnægjandi hætti. Að mati nefndarinnar hafa engin rök komið fram fyrir því að nauðsynlegt sé að ganga lengra hvað varðar byggingareftirlit hér á landi, þ.e. að krefjast faggildingar, en í þeim löndum sem við berum okkur saman við og hvað þá að faggilding taki til alls opinbers byggingareftirlits. Þá fær nefndin ekki séð að tilhögun þessi sé í samræmi við sjónarmið um einföldun regluverks og lækkun byggingarkostnaðar.

Nefndin telur brýnt að fram fari heildarendurskoðun á ákvæðum laganna um faggildingu og beinir því til umhverfis- og auðlindaráðuneytis að meta hvort önnur leið sé raunhæfari miðað við þær athugasemdir sem fram hafa komið. Þar verði m.a. litið til þess hvort markmiðinu sem lá að baki lögfestingu faggildingarkröfunnar, með mannvirkjalögunum árið 2010, um ákveðinn ramma utan um eftirlit og að opinberir eftirlitsaðilar og skoðunarstofur sitji við sama borð og lúti sömu reglum við framkvæmd eftirlitsins, verði t.d. náð með kröfu um úttekt óháðs þriðja aðila án faggildingar og/eða þeirri leið sem Norðmenn hafa valið að nýta ákvæði í Eurocode 0, viðauka B (sjá ÍST EN 1990:2002) um flokkun mannvirkja í þrennt eftir skilgreindri áhættu til að skilgreina þrjú stig af rýni hönnunar og eftirliti með framkvæmdum. Nefndin telur að sú leið að kveða á um stigskiptar matskröfur sem taki t.d. mið af stærð byggingar og vandastigi sé fýsilegur kostur sem nái fram markmiðum sem faggildingu var ætlað og tryggji skilvirkt eftirlit án hækkunar byggingarkostnaðar. Nefndin leggur því til að frestur a-liðar 1. másl. 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um mannvirki verði framlengdur um tvö ár og frestur b-liðar sama ákvæðis verði framlengdur um eitt ár. Með því er sama tímamark lögfest í báðum ákvæðum og gefst ráðuneytinu þar með svigrúm til að endurskoða öll atriði laganna sem varða faggildingu og leggja fram heildstæðar tillögur að breytingum sem taka tillit til framangreindra sjónarmiða og athugasemda hagsmunaaðila.

(Undirstrikun SVP)

5. gr. frumvarpsins

Fimmta grein frumvarpsins er svohljóðandi:

19. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Gæðastjórnunarkerfi leyfisveitenda.

Leyfisveitendur skulu hafa virkt gæðastjórnunarkerfi samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur eftirlit með gæðastjórnunarkerfum byggingarfulltrúa. Við framkvæmd eftirlits Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar skulu

byggingarfulltrúar afla og leggja fram úttektarskýrslu um gerð eða virkni gæðastjórnarkerfis frá faggiltri skoðunarstofu.

Leyfisveitanda er heimilt að útvísta eftirliti við yfirferð séruppdráttá þegar um vandasama eða umfangsmikla framkvæmd er að ræða. Skoðunarmaður skal uppfylla skilyrði 21. gr. Sé um sérstaklega vandasama framkvæmd að ræða er leyfisveitanda heimilt að gera sérstakar kröfur til hæfis skoðunarmanna. Yfirferð skoðunarmanna er á ábyrgð leyfisveitanda og skal farið eftir ákvæðum 3. mgr. 17. gr. um framkvæmd skoðunar að því leyti sem við á.

Af sérstökum athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins er auðsjáanlegt hvað lagt er upp með í 5. gr. frumvarpsins. Þar segir m.a.:

Með þessari grein er krafa um faggildingu byggingarfulltrúa og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar felld úr gildi. Í stað 19. gr. gildandi laga kemur ákvæði um skyldu leyfisveitenda til að hafa virkt gæðastjórnarkerfi, sem nú er að finna í 2. málsl. 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða. Með orðinu „leyfisveitandi“ er átt við bæði byggingarfulltrúa og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, að því leyti sem hún sinnir hlutverki byggingarfulltrúa skv. 3. mgr. 9. gr. laganna.

(Undirstrikun SVÞ)

En hvers vegna er lagt upp með þessa breytingu? Nokkrar skýringar er að finna í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins og eru þær svohljóðandi:

Í ljósi þess að engin faggild skoðunarstofa hefur tekið til starfa verður kveðið á um heimild byggingarfulltrúaembætta til að fela öðrum en faggiltum skoðunarstofum yfirferð séruppdráttá í verkum sem teljast vandasöm eða umfangsmikil. Þá verður heimilt að gera sérstakar kröfur til skoðunarmanna ef um sérstaklega vandasama framkvæmd er að ræða. Ákvæði 2. mgr. 5. gr. á sér banniq sögulega skýringu en til stendur að endurskoða í heild framkvæmd og skipulag eftirlits með mannvirkjaæð. Til að mæta áðurnefndum ómöguleika sem skapast hefur hvað varðar útivistun byggingarfulltrúaembætta á yfirferð hönnunargagna, þar sem engin faggild skoðunarstofa hefur tekið til starfa, er lagt til að með 2. mgr. 5. gr. verði leyfisveitendum veitt heimild til að fela öðrum en faggiltum skoðunarstofum yfirferð séruppdráttá ef um vandasama eða umfangsmikla framkvæmd er að ræða. Verði slík undanþáguheimild ekki lögfest er fyrir séð að þessi ómöguleiki muni skapa vandamál við stór og viðamikil byggingarverkefni.

(Undirstrikun SVÞ)

Nánari umfjöllun sem vísar í raun og veru í allt aðra átt er að finna í 2., 3. og 6. kafla greinargerðar frumvarpsins:

Undanfarin ár hafa bæði stjórnvöld og hagsmunaaðilar stefnt að því að lækka byggingarkostnað og hefur eftirlitsþátturinn verið sérstaklega nefndur í því samhengi. Þótt hefur æskilegt að efla eftirlit með framkvæmdum, en um leið einfalda það og lágmarka bæði kostnað og tíma sem fer í slíkt eftirlit. [...]

Ákvæði 19. gr. laga um mannvirki um faggildingu leyfisveitenda hefur verið í lögunum frá gildistöku þeirra. Gert var ráð fyrir að yfirferð uppdráttá sem og úttektir á verkstað yrðu framkvæmdar af faggiltum aðila í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka, annaðhvort af faggiltum skoðunarstofum eða af byggingarfulltrúum sem hefðu hlotið faggildingu til að annast slíkt eftirlit. Ekki hefur verið sátt um ákvæðið og hefur Samband íslenskra

sveitarfélaga ásamt Félagi byggingarfulltrúa meðal annars vísað til þess að sveitarfélögin telji áætlaðan kostnað þeirra vegna faqqildingarinnar hafa verið verulega vanmetinn við mat á áhrifum lagaanna. Þá hafa ýmsir haqsmunaaðilar bent á að krafa um faqqildingu eftirlitsaðila sé hvorki til þess fallin að einfalda stjórnsvslu og eftirlit né að lækka byggingarkostnað. Þá hefur verið bent á að faggiltar skoðunarstofur geti aldrei orðið margar og muni markaðurinn því einkennast af fákeppni. Loks hefur verið nefnt að hægt gæti á byggingarframkvæmdum, sér í lagi á landsbyggðinni, þar sem biðin gæti orðið löng eftir úttektum á byggingarstað.

Í þriðja lagi er lagt til að krafa um faggildingu fyrir byggingarfulltrúaembætti sveitarfélaga og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skv. 19. gr. lagaanna verði felld brott. Sveitarfélögin hafa flest talið að mikill kostnaðarauki felist í kröfu um faqqildingu levfisveitanda og hafa bau, ásamt fulltrúum atvinnulífsins, bent á að ákiósanlegra væri að skoða heldur útvistun verkefna til óháðra sérfræðinga, svo sem verkfræðistofa.

Annars staðar á Norðurlöndum er þess hvorki krafist að byggingarfulltrúar séu faqqiltir sem skoðunarstofur né er byggingareftirliti útvistað til faqqiltra skoðunarstofa á sambærilegan hátt og qert er ráð fyrir í 19. gr. lagaanna. Þar er þó að meginsteftu gert ráð fyrir að innra eftirlit, sérstaklega hvað varðar burðarþol og brunahönnun, fari fram af hálfu eftirlitsaðila sem hafa hlotið til þess leyfi faggiltrar skoðunarstofu. Þar eru framkvæmdaraðilar sjálfir ábyrgir fyrir eftirliti með hönnun og framkvæmdum en þeir bera einnig ábyrgð á verkinu í heild, ólíkt því ábyrgðarkerfi sem notast er við á Íslandi þar sem ábyrgðin skiptist á milli eigenda, byggingarstjóra, hönnuða og iðnmeistara. Í Danmörku hefur nýlega verið innleitt slíkt eftirlitskerfi. Í Noregi fá fyrirtæki í byggingariðnaðinum sérstaka staðfestingu (n. central godkjenning) frá hinu opinbera, meðal annars um að eftirlit sé fullnægjandi, sem þarf að endurnýja á þriggja ára fresti. Þá er einnig notast við eftirlit óháðra þriðja aðila í flóknari verkum í Noregi, en slíkir eftirlitsaðilar fá einnig staðfestingu frá hinu opinbera.

Þá munu sveitarfélögin ekki þurfa að bera viðbótarkostnað vegna faqqildingar en stjórnsvsla þeirra í formi byggingareftirlits verður óbreytt frá því sem nú er. Kostnaður vegna úttekta skoðunarstofa á gæðastjórnarkerfum byggingarfulltrúa fellur þó á sveitarfélögin, en áður var gert ráð fyrir því að byggingarfulltrúar hefðu gæðakerfi vottað af faggiltri vottunarstofu auk þess sem embætti þeirra hefði faggildingu. Kostnaður vegna úttekta skoðunarstofa með gæðastjórnarkerfum er óverulegur og mun læqri en sá kostnaður sem sveitarfélögin hefðu borið vegna faqqildingar eða gæðastjórnarkerfis sem vottað væri af faqqiltri vottunarstofu.

(Undirstrikun SVP)

SVP gagnrýndu ákvæði 5. gr. frumvarpsins harðlega þegar drög að frumvarpinu voru birt á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is, og eftirfarandi eru viðbrögð ráðuneytisins í 5. kafla greinargerðar frumvarpsins:

Nokkrir umsagnaraðilar lýstu yfir áhyggjum af því að hverfa eigi frá því að byggja eftirlitskerfi byggingariðnaðarins á faggiltum skoðunarstofum vegna ákvæðis 5. gr. um niðurfellingu kröfu um faggildingu leyfisveitenda. Vegna þessara ábendinga, sem og athugasemda Isavia ohf. um að ekki sé ráðleqt að auka aðkomu hins opinbera að byggingareftirliti, er vakin athyqli á því að áætlað er að endurskoða eftirlitskerfi byggingariðnaðarins í heild sinni og er stefnt að því að slík endurskoðun verði unnin samhliða víðtæku samráði við haqsmunaaðila og viðeigandi stjórnvöld. Munu fram komnar athugasemdir vegna aðkomu faggiltra skoðunarstofa að byggingareftirliti verða hafðar til hliðsjónar í þeirri vinnu.

Hvað gerðist?

Lagt er upp með það í frumvarpinu að faggildingarkrafa HMS og byggingarfulltrúa verði afnumin en í hennar stað er verði gerð krafa um að virkt gæðastjórnunarkerfi sé til staðar í starfsemi slíkra aðila. Rökin eru annars vegar þau að engin faggild skoðunarstofa hafi tekið til starfa og hins vegar þar sem sveitarfélögin treysta sér ekki til þess að takast á við faggildingarkröfuna. Þá virðast sjónarmið um kostnað ráða miklu.

Rétt er að benda á að í 19. gr. gildandi laga er ekki aðeins gert ráð fyrir að faggiltar skoðunarstofur taki að sér yfirferð hönnunargagna og öryggis- og lokaúttektir heldur er beinlínis gera ráð fyrir að HMS og byggingarfulltrúar annist slík verkefni. Sú krafa er hins vegar gerð að þessir aðila afli sér faggildingar.

En hvers vegna hefur verið lítið um að faggiltar skoðunarstofur undirbúi móttöku slíkra verkefna? Svarið er að miklu leyti að finna í lögskýringargögnum, þ.e. því var alltaf frestað að faggildingarskyldan fengi virkni. Hvaða fyrirtæki hefja undirbúning að því að sinna verkefnum sem sífellt er frestað?

Rétt er jafnframt að benda á að það felst í því ákveðinn tvískunningur að bent sé á að sambærilega faggildingarkröfu sé ekki að finna á hinum Norðurlöndunum og þar beri framkvæmdaaðilar sjálfir meiri ábyrgð á eftirliti með hönnun og framkvæmdum. Undir málefna svið ráðherra heyrir t.d. Vinnueftirlitið sem felur faggiltum skoðunarstofum nánast engin eftirlitsverkefni þrátt fyrir að því sé það beinlínis heimilt samkvæmt lögum. Ef lítið er til hinna Norðurlandanna heyrir það nánast til undantekninga að slík verkefni séu í höndum opinberra stofnana, þau eru nánast öll í höndum faggiltra skoðunarstofa.

En hvað er faggilding?

Að mati SVP kristallast misskilningurinn sem upp er kominn e.t.v. í því að menn gera sér ekki grein fyrir hvað faggilding er.

Faggilding snýr aðeins að eftirlitsaðilum, þ.e. hæfi og hæfni þeirra og getu til þess að sinna lögbundnu eftirliti. Hún snertir á engan hátt efni þeirra reglna sem eftirlitið á að tryggja að farið sé eftir. Þannig snýr faggilding t.d. ekki að þeim kröfum sem eru gerðar til hönnunargagna heldur aðeins að hæfni eftirlitsaðila til þess að yfirfara slík gögn og ganga úr skugga um hvort þau eru í samræmi við settar reglur.

Faggilding felur í sér formlega viðurkenningu á hæfi skoðunarstofu/skoðunarmanns til þess að vinna í samræmi við tiltekna staðla og staðlarnir hafa þann tilgang að tryggja að viðkomandi hafi viðeigandi hæfi og hæfni og geri það sem hann á að gera á traustan og gagnsæjan hátt. Gerðar eru almennar hæfiskröfur til skoðunarmanna í mannvirkjaeftirliti sem einkum felast í því að þeir þurfa að hafa tiltekin starfsréttindi, t.d. vera iðnmeistarar með löggildingu, verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar eða byggingarverkfræðingar. Þá þurfa þeir jafnframt að búa yfir starfsreynslu á tilteknum sviðum. Uppfylli skoðunarmenn almenn hæfisskilyrði teljast þeir uppfylla skilyrði þess að verða skoðunarmenn I–III. Hæfisskilyrðin snúa hins vegar aðeins að getu og hæfni þessara aðila „við ráðningu“. Faggilding hefur hins vegar þann tilgang að sannreyna að þekking og hæfni sé fyrir hendi og að henni verði viðhaldið með það fyrir augum að stuðla að því skoðunarmenn hagi starfi sínu í samræmi við gerðar kröfur á hverjum tíma.

Í stuttu máli er tilgangur faggildingar að ganga úr skugga um tæknilega hæfni skoðunarmanna og tryggja að þeir séu ekki öðrum háðir. Hún felur í sér hlutlægt mat og grundvallaratriði faggildingar felast frummati á hæfni og síðar reglubundnu mati til að tryggja að hæfninni sé við haldið. Lögð er áhersla á eftirfarandi:

1. **Hæfni:** Reynsla og tæknileg hæfni skoðunarmanna er metin af þar til bærum óháðum aðilum sem búa yfir sérfræðipækkingu til að framkvæma slíkt mat.
2. **Sjálfstæði:** Skoðunarmenn verða að sýna fram á sjálfstæði gagnvart HMS og sveitarstjórnnum, þ.e. að mat þeirra sé sjálfstætt og afskipti vinnuveitenda hafi ekki áhrif á störf þeirra.
3. **Sérstakt hæfi:** Skoðunarmenn verða að sýna fram á að hvernig þeir fást við hagsmunaárekstra sem tengjast eftirlitsskyldum aðilum, þ.e. að mat þeirra sé sjálfstætt og afskipti hagsmunaaðila hafi ekki áhrif á störf þeirra.

Fyrirkomulag faggildingar tryggir að menn tileinki sér vinnubrögð sem samræmast settum reglum frekar en að vinna á eigin forsendum og treysta í blindni á eigin getu. Með því að hagnýta faggildingu tryggir löggjafinn og framkvæmdarvaldið hlutlaust mat hæfs þriðja aðila og það styður við réttar og faglegar ákvarðanir í mannvirkjamálum. Réttar og faglegar ákvarðanir stuðla að því að mannvirki uppfylli settar kröfur. Eitt meginhlutverk faggildingarinnar er þess vegna að tryggja að settar reglur séu túlkaðar á samræmdan hátt.

Skoðunarstofur/skoðunarmenn sem sækjast eftir faggildingu þurfa að afla faggildingar frá faggildingarsviði Hugverkastofu þess efnis að þeir séu hæfir til þess að framkvæma það eftirlit sem þeim er ætlað samkvæmt ákvæðum mannvirkjalaga og hæfi (hlutleysi) þeirra sé tryggt. Faggildingarsviðið er faglega og fjárhagslega sjálfstætt og óháð opinberum aðilum og einkaaðilum sem eiga eða kunna að eiga við það viðskipti og lýtur reglubundnu eftirliti Samtaka faggildingaraðila í Evrópu (European Accreditation - EA). Með viðeigandi stöðlum og reglubundnu jafningjamati er þannig ekki einvörðungu tryggt að sambærilegum aðferðum sé beitt um allan heim heldur einnig að aðferðirnar séu í samræmi við nútímakröfur. Með öðrum orðum er með faggildingu er veitt trygging fyrir samræmdu eftirliti sem er í takt við tímann. Slíkt eftirlit eykur svo aftur líkur á að þau mannvirki sem byggð eru uppfylli settar reglur og uppfylli gæðaviðmið.

Meginkröfur sem gerðar eru til faggiltra aðila er að finna í staðlinum ISO/IEC 17020:2012 sem hefur íslenska heitið *Samræmismat - Almenn viðmið um rekstur ýmiss konar stofnana sem annast skoðanir* en staðallinn var þýddur og gefinn út af Staðlaráði Íslands. Í honum eru m.a. sett fram viðmið um hæfi, hæfni (getu), trúnaðarskyldur, eftirlitsaðferðir, stjórnkerfi og reglulegt endurmat á starfsemi. Staðallinn er alþjóðlegur og grundvallast á viðamiklu alþjóðlegu samstarfi inna alþjóðastaðlastofnunarinnar ISO/CASCO sem Íslendingar hafa tekið þátt í í gegnum Evrópunefnd um staðla (CEN-CENELEC). Vinna nefndarinnar endurspeglar efnahags- og félagslegar þarfir 34 aðildarríkja á sviði samræmisfyrirlysinga. Er þetta grundvallað á kröfum hins frjálsa markaðar um að eftirlitsaðilar geti sannað hæfni og hæfi. Benda má á að í flestum samanburðarríkjum hafa dómstólar litið svo að sönnunargildi samræmismats sé afar takmarkað nema það sé framkvæmt af faggiltum aðila.

Staðan á norðurlöndunum

Eins og áður segir er það meðal röksemda þess að fella niður faggildingarskylduna að slíkar skyldur tíðkist ekki á hinum Norðurlöndunum. Hafa ber í huga að íslensk mannvirkjalög eru

ekki eins að efnislegri uppbyggingu og löggjöf nágrannaríkja okkar. Þá er einnig til þess að líta að sum hinna Norðurlandanna eru komin mun lengra en Íslendingar þegar kemur að hagnýtingu faggildingar við mannvirkjaeftirlit og í þeim tilvikum er faggilding nýtt í meira mæli en hér gerist. Það er því alrangt að draga þá einföldu ályktun að þess sé ekki krafist að byggingarfulltrúar séu faggiltir sem skoðunarstofur og byggingareftirliti sé ekki útvistað til faggiltar skoðunarstofa á öllum hinum Norðurlöndunum. Kemur þar til að hlutverk byggingareftirlits er þar einfaldlega skilgreint á annan hátt en hér á landi, sum lönd byggja einvörðungu á opinberu eftirliti og gera ekki ráð fyrir neinu eftirliti nema af hálfu hins opinbera, á meðan önnur hafa fengið faggildum skoðunarstöðvum ríkt hlutverk en sum hafa farið þá leið að votta byggingaraðila þannig að þeir njóti trausts og nokkurskonar eftirlitsfríðinda þegar að mannvirkjagerð kemur. Sem dæmi er rétt að taka upp ákvæði sænskra og norskra skipulags- og byggingarlaga en af þeim má sjá að afstaðan er ekki einhlít.

Svíþjóð

Í 10. kafla sænsku skipulags- og byggingarlaganna (2010:900)¹ er m.a. kveðið á um eftirfarandi:

4 § Ett byggnadsverk får inte tas i bruk i de delar som omfattas av ett startbesked för byggåtgärder förrän byggnadsnämnden har gett ett slutbesked, om nämnden inte beslutar annat.

5 § Byggherren ska se till att varje bygg-, rivnings- och markåtgärd som byggherren utför eller låter utföra genomförs i enlighet med de krav som gäller för åtgärden enligt denna lag eller föreskrifter eller beslut som har meddelats med stöd av lagen. Om åtgärden är lov- eller anmälningspliktig, ska byggherren se till att den kontrolleras enligt den kontrollplan som byggnadsnämnden fastställer i startbeskedet.

[...]

8 § Av kontrollplanen ska det framgå i vilken omfattning kontrollen ska utföras

1. inom ramen för byggherrens dokumenterade egenkontroll, eller

2. av någon som har särskild sakkunskap och erfarenhet i fråga om sådana åtgärder som kontrollen avser (sakkunnig) och som kan styrka sin sakkunnighet med ett certifikat som har utfärdats av ett organ som har ackrediterats för detta ändamål enligt Europaparlamentets och rådets förordning (EG) nr 765/2008 av den 9 juli 2008 om krav för ackreditering och marknadskontroll i samband med saluföring av produkter och upphävande av förordning (EEG) nr 339/93 och 5 § lagen (2011:791) om ackreditering och teknisk kontroll eller av någon som uppfyller motsvarande krav enligt bestämmelser i ett annat land inom Europeiska unionen eller Europeiska ekonomiska samarbetsområdet. Lag (2011:795).

9 § För den kontroll som avses i 5 § ska det finnas en eller flera kontrollansvariga som

1. har den kunskap, erfarenhet och lämplighet som behövs för uppgiften och kan styrka detta med ett bevis om certifiering, och

¹ https://www.riksdagen.se/sv/dokument-lagar/dokument/svensk-forfattningssamling/plan--och-bygglag-2010900_sfs-2010-900

2. har en självständig ställning i förhållande till den som utför den åtgärd som ska kontrolleras.

Om det finns flera kontrollansvariga, ska byggherren se till att någon av dem samordnar de kontrollansvarigas uppgifter.

Den certifiering som avses i första stycket 1 ska vara gjord av någon som har ackrediterats för detta ändamål enligt Europaparlamentets och rådets förordning (EG) nr 765/2008 av den 9 juli 2008 om krav för ackreditering och marknadskontroll i samband med saluföring av produkter och upphävande av förordning (EEG) nr 339/93 och 5 § lagen (2011:791) om ackreditering och teknisk kontroll eller av någon som uppfyller motsvarande krav enligt bestämmelser i ett annat land inom Europeiska unionen eller Europeiska ekonomiska samarbetsområdet. Certifieringen ska vara tidsbegränsad och avse ett visst slag av arbete. Lag (2011:795).

Noregur

25. kafla norsku skipulags- og byggingarlaganna² sem ber fyrirsögnina „Eftirlit“ (n. Tilsyn) er eftirfarandi:

§ 25-1.Tilsynsplikt

Kommunen har plikt til å føre tilsyn i byggesaker med at tiltaket gjennomføres i samsvar med gitte tillatelser og bestemmelser gitt i eller i medhold av denne lov, og at ansvarlig foretak er kvalifisert.

Kommunen skal føre tilsyn i slikt omfang at den kan avdekke regelbrudd. Kommunen skal føre tilsyn ved allerede gitte pålegg og når den blir oppmerksom på ulovligheter utover bagatellmessige forhold. Kommunen skal føre tilsyn med særlige forhold etter nærmere forskrift fra departementet.

Kommunen kan samarbeide med andre kommuner eller instanser om tilsyn.

§ 25-2.Gjennomføring av tilsynet

Utover tilsynsplikten i § 25-1 avgjør kommunen i hvilke saker og på hvilke områder det skal føres tilsyn. Tilsynet gjennomføres på den måte, i det omfang og med den intensitet som kommunen finner hensiktsmessig.

Kommunen kan føre tilsyn når som helst i løpet av byggesaken og inntil 5 år etter at ferdigattest er gitt, jf. § 23-3 syvende ledd. Hvis tilsynet viser vesentlig svikt som ikke er ivarettatt ved uavhengig kontroll, kan kommunen kreve sakkyndig bistand eller utføre tekniske prøver for tiltakshavers regning. Tilsynet skal avsluttes med en sluttrapport.

Departementet kan gi forskrift om innhold, gjennomføring og rapportering av tilsyn.

§ 25-3.Tilsyn fra overordnet myndighet

Departementet kan etter ønske fra kommunen føre tilsyn med ansvarlige foretak. Forhold i strid med loven eller forskrifter gitt i medhold av loven som avdekkes under tilsynet,

² https://lovdata.no/dokument/NL/lov/2008-06-27-71/KAPITTEL_4#KAPITTEL_4

rapporteres til kommunen. Kommunen vurderer hvordan de avdekkede forholdene skal følges opp.

Eftirfarandi umfjöllun er svo að finna í leiðbeiningum norsku Mannvirkjastofnunarinnar:

Kommunens bygningsmyndighet er tilsynsorgan for saker etter plan- og bygningsloven. Tilsynsvirksomheten må planlegges og organiseres. Kommuner som ikke er i stand til eller ikke ønsker å utføre tilsyn i egen regi, kan formelt inngå i et interkommunalt samarbeid og overføre oppgaven til annen kommune eller mer uformelt samarbeide med andre kommuner. Kapittel 2.1. gir eksempler på ulike organisasjonsmodeller.

Myndigheten til å fatte avgjørelser med hjemmel i plan- og bygningsloven kan kun delegeres eller settes bort til interkommunalt samarbeid i tråd med kommuneloven. Pålegg og vedtak etter plan- og bygningslovgivningen kan bare fattes av kommunen som bygningsmyndighet eller vertskommunen der det foreligger formelt interkommunalt samarbeid. For øvrig vil ekstern aktør, sakkvndig bistand, annen interkommunal tilsynsenhet eller lignende etter gjennomført tilsyn bare kunne fungere som rådgiver og gi kommunen anbefalinger med hensyn til reaksjoner.

Settes tilsynet bort på uformelt grunnlag, må kommunen aktivt følge opp tilsynsenheten. Kommunen vil her ha det forvaltningsmessige ansvaret for at tilsynet blir gjennomført på en forsvarlig måte og innenfor lovens rammer.

Af framangreindu leiðir að Norðurlöndin hafa ekki farið eina leið þegar að eftirliti kemur heldur er fyrirkomulagið mismunandi á milli þeirra. Það er því með engu móti hægt að draga þá ályktun faggildingarskyldan sé helbert frávik frá því sem tíðkast annars staðar.

Faggilding einfaldar eftirlit og dregur úr byggingarkostnaði

Tilgangur 19. gr. mannvirkjalaga er að samræma opinbert byggingareftirlit á landsvísu og gera hæfum einkaaðilum fært að taka slíkt eftirlit að sér eftir því sem unnt er. Ætla verður að ástæðurnar fyrir því að ákvæðið var lögfest hafi einkum grundvallast á eftirfarandi sjónarmiðum:

- Sjónarmið um einföldun stjórnslu og takmörkun umfangs hins opinbera gera ráð fyrir að hið opinbera dragi sig í hlé í þeim tilvikum þegar einkaaðilar geta sinnt sömu verkefnum. Dæmin sýna að byggingarfulltrúaembættin ráða ekki alltaf við eftirlitsverkefni og þá sér í lagi þegar um stór verkefni er að ræða eða á annasömum tímum.
- Það þykir hvorki eðlilegt né æskilegt að útgáfa byggingarleyfis, yfirferð hönnunargagna, útgáfa vottorða og eftirlit með framkvæmdinni sjálfri séu á sömu hendi.
- Skortur á faglegri þekkingu hjá byggingarfulltrúaembættum en ekki er hægt að ætlast til þess að þeir búi yfir kunnáttu á öllum sviðum.
- Hætta þykir á að nálægð byggingarfulltrúa við eftirlitsskylda aðila og sveitarstjórnarmenn geti komið niður á hæfi þeirra.
- Þörf fyrir samræmda túlkun reglna. Með samræmdri túlkun minnka líkur á að einstök embætti byggingarfulltrúa grundvalli ákvarðanir á eigin geðþótta.
- Góð reynsla er af rafmagnseftirliteftirliti þar sem eitt stjórnvald fer með málflokkinn en megnið af eftirlitinu er framkvæmt að faggiltum skoðunarstofum.
- Góð reynsla er af breytingum á eftirliti á öðrum sviðum það sem faggilding er beitt, svo sem á sviði skoðunar ökutækja.

- Nauðsynlegt hefur þótt að efla hæfi og hæfni byggingareftirlitsins í þeim tilgangi að tryggja hagsmuni neytenda og fyrirtækja. Hinn almenni borgari hefur lítil tók á yfirfara öryggi og gæði mannvirkja við kaup, hvorki í tilvikum nýrra eða eldri mannvirkja.
- Faggilding krefst þess að reglur og viðmið séu sett fram á skilgreindan og skilmerkilegan hátt en í sögulegu samhengi hefur ekki verið gætt að því. Tilurð skoðunarhandbóka eru bein afleiðing af því að ákveðið var að gera kröfu um faggildinguna samkvæmt ákvæðum mannvirkjalaga.

Faggilding stuðlar að því að skoðunarstofur og byggingarfulltrúar búi yfir sambærilegri getu og hæfni. Þá tryggir hún að framangreindir aðilar séu sjálfstæðir gagnvart yfirboðurum og eftirlitsskyldum aðilum. Ekki síst stuðlar faggilding að samræmdu eftirliti um landið allt. Samræmið dregur úr samfélagslegum kostnaði og eykur líkur á að mannvirki uppfylli gerðar kröfur. Ávinningurinn kemur fram í lægri eftirlitskostnaði í ljósi þess að eftirlitið grundvallast á samræmdum aðferðum. Þá eykst skilvirki við samræmingu eftirlits.

Hjá eigendum mannvirkja kemur ábatinn fram í betri mannvirkjum og minni þörf á viðhaldi. Ástæðan er sú að skilgreind og gegnsæ vinnubrögð í eftirliti stuðla að vönduðum vinnubrögðum af hálfu framkvæmdaraðila. Samfara samræmingu eftirlits og framsetningu skilgreindra krafna og viðmiða verður eftirlitið einfaldara viðfangs og hlutverk HMS hnitmiðaðra. Framangreint kallar á meiri aga við framkvæmdir.

Kostnaður sveitarfélaga af faggildingunni er upphaflega einsskiptiskostnaður og í framhaldinu lægri reglulegur kostnaður. Virðast sveitarfélögin hafa áætlað kostnaðinn nema um 50 millj. kr. á fyrsta ári en 25 millj. kr. árlega þar á eftir. Má í þessu samhengi benda á að áætlaður árlegur kostnaður vegna galla á mannvirkjum í Noregi nam á árunum eftir síðustu aldamót um 10% af byggingarkostnaði. Ef tekið er mið af því mati er bæði ljóst að til mikils er að vinna að bæta gæði byggingareftirlits. Þá er ljóst að fórnarkostnaðurinn af því að taka faggildingarskylduna ekki upp verður hár. Með traustu eftirliti er stefnt að því að tryggja hagsmuni fyrirtækja og neytenda sem verða að geta treyst því að mannvirkjagerð sé í samræmi við kröfur um öryggi og gæði.

Faggilding eykur framkvæmdahraða

Eins og fram hefur komið getur faggildingarskyldan komið því til leiðar að byggingareftirlit verði samræmt um landið allt. Um langa hríð hefur atvinnulífið barist fyrir samræmingu eftirlits og jafnvel gengið svo langt að kalla eftir því að eftirlitsstofnanir verði á sumum sviðum sameinaðar fyrir landið allt.³ Ástæðan er einföld, það kostar bæði tíma og peninga að undirbúa og vinna að verkefnum vitandi að mismunandi eftirlitskröfur eru gerðar eftir umdæmum. Þá kalla deilur um eftirlitsaðferðir og kröfur á tíma- og kostnaðarsama úrlausn innan stjórnsýslunnar eða dómstóla. Slíkur málarekstur tefur fyrir framkvæmdum og skapar óvissu og það þekkja allir.

Í framangreindu ljósi væri nær að faggildingarskyldan yrði eflað og jafnvel komið með einhverjum hætti til móts við þau sveitarfélög sem telja sig standa höllum fæti þegar að því kemur að afla faggildingar fyrir byggingarfulltrúa.

³ <https://www.visir.is/g/2019190329027>

Faggildingarskyldan dregur ekki úr getu til að stýra eftirliti

Umfjöllun í greinargerð frumvarpsins verður ekki skilin á annan veg en að flokkun mannvirkja eftir stærð, flækjustigi þeirra í byggingu, fyrirhugaðri notkun og samfélagslegu mikilvægi eigi að leiða til þess að unnt verði að auka eftirlit með flóknari mannvirkjum en að sama skapi minnka eftirlit með einfaldari mannvirkjum og þeim mannvirkjum sem ætluð eru til eigin nota. Þarna er um að ræða það sem kallað er áhættustjórnun í eftirliti, þ.e. leið til að skilgreina áhættur þannig að val á eftirlitsaðferðum og umfang eftirlits, og eftir atvikum viðurlög, leiði til þess að viðeigandi eftirlit verði haft með þeim sem þurfa á því að halda. Er þar með stefnt að því að eftirlit verði í senn skilvirkt og hagkvæmt og hafi þá verkan sem þörf er á.

Ekki verður með neinum hætti séð hvernig faggildingarskyldan getur haft áhrif á framangreint enda snýr faggildingin aðeins að hæfni og getu eftirlitsaðila, algerlega óháð því hvaða kröfur eru gerðar til mannvirkja. Með öðrum orðum hefur flokkun mannvirkja sem liður í áhættustýrðu eftirlit engin áhrif á hæfni og getu eftirlitsaðila. Þetta er einfaldlega ekki sami hluturinn.

Afnám faggildingarskyldunnar einfaldar ekki regluverkið

Í 19. gr. mannvirkjalaga er kveðið á um skyldu HMS og byggingarfulltrúa til að afla sér faggildingar vegna tiltekins eftirlits. Í 5. gr. frumvarpsins er hins vegar lagt til að framangreindir aðilar eigi að hafa virkt gæðastjórnunarkerfi og HMS hafi eftirlit með gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa. Þá er lagt til að kveðið verði á um að við framkvæmd slíks eftirlits skuli byggingarfulltrúar afla og leggja fram úttektarskýrslu um gerð eða virkni gæðastjórnunarkerfis frá faggilttri skoðunarstofu.

Ekki verður betur séð en það gæti misskilnings um hlutverk gæðastjórnunarkerfa. Hlutverk slíkra kerfa er að tryggja einsleitni við framkvæmdir af öllum gerðum og er þeim ekki ætlað að tryggja hæfi og hæfni. Það er hinsvegar hlutverk faggildingar að tryggja að þeir sem framkvæma prófanir, vottanir og skoðanir hafi til þess nauðsynlega hæfni og hæfi eins og nefnt var hér að framan. Uppbygging alþjóðakerfis faggildingar um hæfis- og hæfnismat er einmitt til komin vegna krafna opinberra aðila, neytenda og frjálsa markaðarins um að eftirlit sé traust. Innleiðing gæðastjórnunarkerfa samkvæmt mannvirkjalögum hafði þann eina tilgang að tryggt væri að tilteknir aðilar hefðu hugað að tilteknum atriðum í samræmi við kröfur laga og reglugerða. Í því samhengi er það t.d. algerlega ófullnægjandi að byggingastjórar fari með ytra eftirlit.

Af framangreindu leiðir að sú einföldun sem frumvarpið gerir ráð fyrir felst einkum í því að engum utanaðkomandi óháðum aðila verður falið að hafa eftirlit með því að útgáfa byggingarleyfa og úttektir sé í samræmi við settar reglur. Faggiltum skoðunarstofum verður þannig aðeins ætlað að veita álit á fyrirbyggjandi gæðakerfi og virkni þess. Framkvæmdaraðilum verður þess vegna í sjálfsvald sett hvernig þeir haga framkvæmdum eftir hönnunargögnum og neytendavernd er þannig algerlega fyrir borð borin. Þar með virðist horfið frá því að ganga tryggilega úr skugga um að eftirlitið sé samræmt og faglegt. Ekki verður séð hvernig það á að leiða til einföldunar regluverksins nema ætlunin sé að fela framkvæmdaraðilum einum að ákveða hvernig mannvirki skuli gerð. Samkvæmt frumvarpsákvæðum verður eftirlitið enn til staðar en það verður bara alfarið í höndum HMS að sinna því, hvort sem það snýr að framkvæmd byggingarfulltrúa eða starfsmönnum HMS. Eftirlitið verður þar með ekki einfaldað heldur aðeins dregið úr kröfum til þeirra sem eiga að sinna eftirlitinu.

Byggingavörur

Vegur og gildi faggildingar hefur vaxið og sést það m.a. af þeim kröfum sem gerðar eru til byggingarvara. Svo heimilt sé að markaðssetja slíkar vörur hér á landi þurfa þær að uppfylla skilyrði laga um byggingarvörur og slíkar vörur má aðeins nýta við mannvirkjagerð að þau skilyrði séu uppfyllt. Skilyrðin tryggja að varan sé nothæf og stöðug og í stuttu máli er aðeins faggiltum aðilum heimilað að leggja mat á hvort svo sé.

Er það óforsvaranlegt að sambærilegum aðferðum sé beitt í tilviki mannvirkja og byggingarvara?

Umfjöllun um faggildingu í frumvarpsdrögum ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Ástæða er til að benda á eftirfarandi umfjöllun sem er að finna í drögum að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun sem voru birt nýverið á samráðsgátt stjórnvalda:

Fyrirkomulag faggildingar tryggir að þeir sem vinna að rannsóknum, skoðunum, prófunum og mælingum séu hæfir til að vinna þau verkefni á faglegan og samræmdan hátt. Faggilding er viðvarandi verkefni þar sem faggiltir aðilar sæta reglulegum úttektum faggildingarstjórnvaldsins. Faggilding eykur þannig fagmennsku og öryggi í framangreindum verkefnum og samræmt verklag og mikilvægt er að fleiri aðilar hér á landi sæki sér faggildingu til að tryggja hæfi til mælinga og prófana.

Af framangreindu verður ráðið að skilningur á gildi og gagnsemi faggildingar er til staðar innan Stjórnarráðsins.

Að lokum

Eins og komið hefur fram eru SVP helst á þeirri skoðun að skortur á skilningi á faggildingu, virkni hennar og áhrifum hafi valdið því að menn hafi horft á hana sem farartálma sem hefði viðbótarkostnað í för með sér. Ekki virðist t.d. verið litið til reynslu HMS við framkvæmd faggilts eftirlits, s.s. innan málaflokks *öryggis mannvirkja – rafmagn* en við breytingar á því sviði sköpuðust tækifæri til að draga verulega úr eftirlitsstarfseminni þar sem faggiltar skoðunarstofur framkvæma eftirlitið með tilheyrandi lækkun eftirlitskostnaðar.

Mat samtakanna er að virk eftirfylgni með faggildingarskyldunni hefði leitt til annarrar niðurstöðu enda hefði mönnum þá orðið ljóst hvaða ávinningur hlýst af faggildingu og því verklagi sem hún krefst í formi skilgreindra krafna, samræmdrar túlkunar og hagkvæmni við framkvæmd eftirlits. Sveitarfélögin hafa hins vegar dregið það um langa hríð að afla faggildingar fyrir byggingarfulltrúa, m.a. vegna áhyggna af kostnaði. Þó virðist kostnaðurinn ekki alltaf sitja í mönnum því í 3. kafla greinargerðar frumvarpsins kemur eftirfarandi fram:

Sveitarfélögin hafa flest talið að mikill kostnaðarauki felist í kröfu um faggildingu leyfisveitanda og hafa þau, ásamt fulltrúum atvinnulífsins, bent á að ákiósanlegra væri að skoða heldur útvistun verkefna til óháðra sérfræðingna, svo sem verkfræðistofa.

(Undirstrikun SVP)

Virðist framangreint benda til þess að kostnaður við eftirlit sé ekki aðalatriðið heldur hvert greiðslur renna. Í þessu samhengi þarf að hafa í huga að faggiltar skoðunarstofur eru einmitt

óháðir sérfræðiaðilar sem búa við þá stöðu að hæfi og hæfni eru tryggð fyrir tilstuðlan alþjóðlegs kerfis. Það er a.m.k. ljóst að útvistun verkefna til verkfræðistofa í stað skoðunarstofa er ekki til þess gerð að draga úr kostnaði, hvorki til skamms né langs tíma lítið auk þess sem gera verður ráð fyrir að setja þurfi upp séríslenskt kerfi til að tryggja að verkfræðistofur í samkeppni standi undir ábyrgð og búi yfir fullnægjandi hæfi og hæfni. Það yrði í því samhengi verulega óvenjulegt ef komið yrði á fót kerfi þar sem samkeppnisaðilar hafa eftirlit með hvor öðrum. Þá mun það t.d. vekja spurningar ef verkfræðistofa fer með eftirlit í máli sem getur haft óbein áhrif á annað sambærilegt mál sem hún fæst við á hönnunarstigi.

Í stuttu máli byggist afnám faggildingarskyldunnar á þeim misskilningi að afnámið lágmarki tíma og kostnað við eftirlit og hafi þannig áhrif til lækkunar byggingarkostnaðar. Slíkar ályktanir byggja á misskilningi eða takmarkaðri þekkingu á faggildinu, faggildingarskyldan snýr einfaldlega að öðrum þáttum.

Í ljósi framangreinds leggjast SVP gegn lögfestingu 5. gr. frumvarpsins.

Ef ekki verður fallist á sjónarmið samtakanna ætti hið allra minnsta að gera þá kröfu í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins að einvörðungu verði heimilt að útvista eftirliti til faggiltra skoðunarstofa. Verkfræðistofum er í lófa lagið að afla sér faggildingar.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur